

Steinull hf.
Skarðseyri 5
Sauðárkrókur 550
Ísland

6. ágúst 2026, Reykjavík
UOS-3267

Efni: Reglubundið eftirlit þann 29. júní 2026 hjá Steinull hf.

Þann 29. júní 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Steinull hf. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

2 ný frávík komu fram er varða:

Frávík frá	Lýsing á frávíki	Staða á frávíki
gr. 3.9 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 29. júní 2026 Losun mengunarefna í loft yfir viðmiðunarmörkum <i>Mældur meðalrykstyrkur frá bræðsluofni var 52,9 mg/Nm³, en losunarmörk fyrir bræðsluofn skv. gr. 3.9 eru 20 mg/Nm³. Meðalrykstyrkur í skorsteini var 36,4 mg/Nm³ og reiknaður rykstyrkur frá mótun og herslu 35,1 mg/Nm³, en mörkin fyrir mótun og herslu eru 30 mg/Nm³.</i>	Opið
gr. 3.8 og 3.9 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 29. júní 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Árleg mæling skv. gr. 3.9 ekki framkvæmd á rekstrarárinu 2025. Skv. gr. 4.2 skal gera mælingar a.m.k. árlega vegna losunarmarka í gr. 3.8 og 3.9. Útblástursmæling sem framkvæmd var í febrúar 2025 náði einungis til ryks, ammóníaks, fenóls og formaldehýðs og uppfyllir ekki kröfur gr. 3.9.</i>	Opið

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en **31. ágúst 2026**.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

Sérfræðingur í teymi eftirlits